

Aðalfundur
Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar ehf. fyrir árið 2010

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Þróunarfélags Keflavíkurflugvallar að Skógarbraut 946, í Reykjanesbæ, þann 26. maí og hófst kl. 13:00. Mættir eru: Þórhallur Arason fyrir hönd hluthafa, Vilhjálmur H. Vilhjámsson, Árni Sigfússon, Reynir Ólafsson, Berglind Kristinsdóttir, Kjartan Þ. Eiríksson, framkvæmdastjóri, Anna Steinunn Jónasdóttir og Ásbjörn Jónsson.

Þar sem hluthafi er einn voru eftirfarandi ákvarðanir teknar skv. 59. gr. laga um einkahlutafélög nr. 138/1994 og eru þær bókaðar í fundargerðabók félagsins.

Dagskrá fundarins:

1. Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra.
2. Staðfesting ársreiknings 2010.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning endurskoðunarfélags.
5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.
6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.
7. Umræður og atkvæðagreiðslur um önnur mál sem löglega eru upp borin.

Í upphafi fundar var Ásbjörn Jónsson kjörinn sem fundarstjóri og Anna Steinunn Jónasdóttir kjörin sem fundarritari.

Þá var gengið til dagskrár.

1. Skýrsla stjórnar.

Skýrsla stjórnar lögð fram og samþykkt.

2. Staðfesting ársreiknings 2010.

Hagnaður ársins var kr. 148.639.097,- og niðurstaða efnahagsreiknings kr.661.365.147,-. Engar umræður fóru fram um ársreikninginn og var hann staðfestur.

3. Kosning stjórnar skv. breyttum samþykktum félagsins.

Eftirtaldir aðilar voru kjörnir í stjórn félagsins:

Vilhjámur H. Vilhjálmsson kt. 240650-4019, Tjarnarbóli 8, Seltjarnarnesi,.

Inga Sólves kt. 110451-4319, Sólvallagötu 7a, 101 Reykjavík.

Reynir Ólafsson kt. 080648-4569, Heiðarbakka 1, 230 Reykjanesbæ,

Árni Sigfússon kt. 300756-5309, Kópabraut 34, 260 Reykjanesbæ,

Berglind Kristinsdóttir kt.111069-3369, Ásgarði 9, 230 Reykjanesbæ

Til vara voru kjörnir:

Gunnar Marel Eggertsson kt.111154-4659, Mávabraut 8d, 230 Reykjanesbæ,

Sveindís Valdimarsdóttir kt. 140258-6289, Hólmgarði 2a, 230 Reykjanesbæ

Ásmundur Friðriksson, kt. 210156-4459, Ósbraut 7, 250 Garður,

Magnea Guðmundsdóttir, kt. 190469-5499, Hólmgarður 2a, Reykjanesbæ.

4. Kosning endurskoðunarfélags.

Ríkisendurskoðun annast endurskoðun fyrir félagið sbr. 2. mgr. 19. gr. samþykktu félagsins.

5. Ráðstöfun á hagnaði/tapi, greiðslum á arði og framlög í varasjóð.

Tillaga var um að greiða hvorki arð né nein framlög í varasjóð og að hagnaður ársins yrði flutt til næsta árs. Það var samþykkt.

6. Ákvörðun um þóknun stjórnarmanna.

Ákveðið er fyrir starfsárið 2011 að laun formanns verði kr. 270.000,- á mánuði, laun annarra stjórnarmanna kr. 135.000,- á mánuði og laun varamanna kr. 40.500,- fyrir hvern fund.

Var þessi ákvörðun staðfest fyrir starfsárið 2011.

7. Önnur mál löglega fram borin.

Félaginu bárust engin málefni til umræðu undir þessum lið.

Þórhallur Arason flutti kveðju fjármálaráðherra og þakkaði stjórn, framkvæmdastjóra og starfsfólki Þróunarfélagsins fyrir vel unnin störf og fór jafnframt nokkrum orðum yfir vinnu ráðuneytisins hvað varðar starfsemi félagsins.

Engin önnur mál voru tekin fyrir. Fundi var slitið kl. 13:30.

Anna Steinunn Jónasdóttir, fundarritari.